

5. fundur Skólaráðs

Þann 13. janúar 2011 í Grunnskólanum á Hólmavík. Fundur hófst kl. 17:00.

Mættir eru eftirtaldir fulltrúar: Bjarni Ómar Haraldsson, Vala Friðriksdóttir, Sigrún María Kolbeinsdóttir, Jóhanna Kristveig Guðbrandsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Arnór Jónsson, Stella Guðrún Jóhannsdóttir og Hildur Guðjónsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritar fundargerð.

1. Nemendafélag Grunnskólans – hagsmunamál nemenda – kynning frá nemendaráði.

Fulltrúar nemendaráðs kynntu fyrirkomulag og starfsemi vetrarins. Arnór Jónsson er formaður, Stella Guðrún Jóhannsdóttir varaformaður, Dagrún Kristinsdóttir ritari, Sara Jóhannsdóttir er gjaldkeri og Brynja Karen Daníelsdóttir meðstjórnandi. Bjarni Ómar Haraldsson skólastjóri við Grunn- og Tónskólann á Hólmavík hefur nú látið af störfum sem forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Ozon eftir margra ára farsælt og gott starf þar með krökkunum og hefur Arnar Snæberg Jónsson nú tekið við nýju starfi tómstundafulltrúa Strandabyggðar en í því starfi felst meðal annars umsjón með félagsmiðstöðinni Ozon. Skólaráð lýsir yfir ánægju með kynninguna og það metnaðarfulla og mikla starf sem er í gangi hjá krökkunum. Félagsmiðstöðin Ozon er með síðu á vef skólans http://strandabyggd.is/ozon_felagsmidstod/ þar sem má nálgast upplýsingar og fréttir af starfinu. Fulltrúar nemendaráðs víkja af fundi.

2. Breyting á skóladagatali 2010-2011 lögð fyrir til samþykktar.

Nokkrar smávægilegar breytingar hafa verið gerðar á skóladagatali Grunnskólans til vors. Sérfræðingar koma 3. febrúar, árshátíð skólans er nú 25. mars, umhverfisdagur skólans verður haldinn 15. apríl, starfskynning nemenda verður 2. – 6. maí, prófdagar 19. – 24. maí, nemendaviðtöl 25. maí, vordagur 26. maí og foreldraviðtöl 27. maí. Skólaráð samþykkir þessar breytingar. Nú fer hið nýja skóladagatal til samþykktar fyrir fræðslunefnd í febrúar. Skóladagatalið með breytingum til vors hefur verið sett inn á vef skólans og er aðgengilegt hér: http://strandabyggd.is/ymsar_skrar/skra/170/

3. Grænfáninn og umhverfismál.

Rætt var lítillega um Grænfánaverkefnið en ákveðið var að óska eftir að Ásta Þórisdóttir verkefnastjóri kæmi á fund skólaráðs í apríl og kynnti stöðuna á verkefninu.

4. Niðurstöður samræmdra prófa og vinna skólans með þær niðurstöður.

Bjarni Ómar upplýsti að niðurstöður samræmdra könnunarprófa væru komnar til skólans, nemenda og foreldra barna í 4., 7., og 10. bekk. Bjarni lýsti yfir áhyggjum sínum og telur að niðurstöðurnar hefðu mátt vera betri. Skólastjórnendur hafa hvatt kennara til að fara vel yfir niðurstöðurnar og reyna að kortleggja veikleika og styrkleika nemenda sinna og nýta sér niðurstöðurnar sem upplýsingar um stöðu nemenda sinna og skipuleggja áframhaldandi nám í samræmi við það með einstaklingsmiðun í huga. Fagkennarar í íslensku, stærðfræði og ensku munu hittast og fara yfir málið og skila niðurstöðu þeirrar vinnu til skólastjórnenda. Skólasamfélagið verður svo upplýst um aðgerðaráætlun til þess að ná betri árangri í samræmdum könnunarprófum nemenda skólans.

Nemendur upplýstu skólaráð um að þeir væru áþreifanlega farnir að finna fyrir einstaklingsmiðun hjá einhverjum kennurum í unglingsáætlun og lýstu yfir mikilli ánægju með það. Þeir lýstu samhliða því yfir áhyggjum af því að það væru ekki allir kennarar með einstaklingsmiðað nám eða kenndu eingöngu eftir kennsluáætlun þar sem allir nemendur eru í sama efni, á sama tíma og sama hraða. Bjarni Ómar skólastjóri lýsti yfir ánægju með að nemendur væru farnir að finna fyrir einstaklingsmiðuðum kennsluháttum og lagði áherslu á að það væri hans yfirlýst framtíðarsýn og stefna skólans er að brugðist sé við þörfum nemandans og að hann fái viðfangsefni við hæfi sem reynir á hann og gerir kröfur til hans og því bæri kennurum að fara eftir því. Jafnframt minnti hann á mikilvægi þess að nemendur og foreldrar létu í sér heyra og gerðu kröfu um einstaklingsmiðað nám og kennslu í skólanum.

5. Eineltisáætlun / Velferðaráætlun. Staða mála.

Bjarni Ómar upplýsti skólaráð um stöðu og ferli við gerð eineltisáætlunar Grunnskólans á Hólmavík. Í haust voru gerð drög að eineltisáætlun fyrir skólann sem unnið hefur verið eftir á meðan vinna við hina stendur yfir. Leitað var til Guðjóns Ólafssonar sérkennslufræðings við framkvæmd og fyrirkomlag við gerð eineltisáætlunarinnar og kom Guðjón og vann með starfsfólki skólans og útdeildi verkefnum. Skipuð var ritnefnd til að taka saman gögn um þá vinnu og er ritnefndin að vinna sína skýrslu núna. Síðan verður eineltisáætlunin send til Guðjóns til yfirlstrar og ráðgjafar og loks fer hún fyrir fræðslunefnd og skólaráð til samþykktar. Rætt var um hvort að það væri ekki árangursríkt að samfélagið og sveitarfélagið Strandabyggð tæki upp einu og sömu eineltisáætlunina þar sem allir ynnu saman að leiðum að sameiginlegu markmiði. Bjarni upplýsti að það hefði líka mikið verið rætt í starfsmannahópnum og að það sé eitthvað sem sveitarstjórn ætti að taka til greina og vinna með.

6. Staða listgreina- og tónlistarkennslu.

Rætt var lítillega um málið en ákveðið var að óska eftir að Ásta Þórisdóttir listgreinakennari og Stefán Steinar Jónsson tónlistarkennari kæmu á fund skólaráðs í apríl og kynntu starf og fyrirkomulag listgreina- og tónlistarkennslu í Grunnskólanum á Hólmavík.

7. Skólahúsnæði og skólalóð. Öryggi og aðbúnaður.

Rætt var um skólahúsnæðið og skólalóðina. Skólaráðsmaður spurði hvort að það væri ekki á ábyrgð skólastjórnenda að tryggja öryggi og aðbúnað nemenda og starfsfólks skólans? Einnig var rætt um hvort að það sé ekki gildandi viðhaldsáætlun fyrir húsið og lóðina og hvernig gengi að framfylgja þeirri viðhaldsáætlun? Þá var vitnað í hugmyndavinnu sem var unnin um skólalóð og afrakstur hennar. Einnig var rætt um húsvörslu og snjómokstur við skólann. Skólaráðsmaður spurði hvernig stæði á því að leikskólanum Lækjarbrekku hafi tekist að sinna athugasemdum frá eftirlitsaðilum í gegnum tíðina og hvernig stæði á því að það gengi vel í samstarfi við sveitarfélagið en á sama tíma væri ekkert gert í skólanum? Bjarni Ómar skólastjóri var sammála þessari umræðu og athugasemdum en var ekki með svör á reiðum höndum við þessum spurningum þar sem skólastjórnendum hefur tekist illa að fá svör við þessum viðfangsefnum í stjórnsýslunni en nú væri unnið að fjárhagsáætlun þessa árs og það

væri áhugavert að sjá hvað kemur út úr þeirri vinnu. Skólaráð samþykkti einróma að senda eftirfarandi áskorun til fræðslunefndar Strandabyggðar:

Þeim tilmælum er beint til fræðslunefndar Strandabyggðar að hún sinni strax hlutverki sínu samkvæmt e. og f. lið 6. gr. grunnskólalaga frá 2008 þar sem fram kemur að fræðslunefnd beri ábyrgð á því að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og að annar aðbúnaður Grunnskólans sé í lagi, þ.m.t. útvistar- og leiksvæði nemenda. Grunnskólahúsnæði og skólalóðir skulu uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í lögum þessum, lögum um vinnuvernd og aðalnámskrá grunnskóla. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan nemenda og starfsfólks. Einnig er það ótvírætt hlutverk fræðslunefndar að hafa eftirlit með því að ákvæðum laga og reglugerða sé fylgt eftir og gera tillögur til sveitarstjórnar um úrbætur.

Greinargerð með ályktun:

Skólalóð

Samkvæmt álitum skólaráðs Grunnskólans á Hólmavík hefur skólalóðin fjögur meginhlutverk í skólalóðinni sem hefur áhrif á skipulag hennar og það að umhverfi skólans sé í góðu ástandi:

- Skólalóðin er félagslegur vettvangur þar sem hlúð er að þörfum einstaklinga og hópa, hún er námslegur vettvangur fyrir nemendur skólans.
- Skólalóðin er kennsluumhverfi til jafns við skólastofu bæði fyrir kennara og nemendur.
- Skólalóðin er mikið nýtt af öðrum íbúum og gestum bæjarins.
- Skólalóðin á að taka mið af stefnu og áherslum skólans. Mikilvægt er að nánasta umhverfi skólans sé aðlaðandi því aðlaðandi umhverfi styrkir jákvæða ímynd skólans og býður fólk velkomið.

Skipulag skólalóðarinnar ætti að taka mið af þessu fjölbætta hlutverki jafnt sem margvíslegum þörfum notendahópsins. Skólaráð telur nauðsynlegt að lóðin sé skipulögð sem ein heild, en ekki eingöngu einstakir hlutar hennar með framtíðar hlutverk lóðarinnar og skólalóðarinnar í huga. Matjurtagarðar sem ráðist var í að gera árið 2008 eru hluti af skólalóðinni og tryggja þarf aðgang skólans að svæðinu fyrir ofan skólann þar sem trjáþyrpingin er. Á þessu svæði eru miklir möguleikar á að bæta svæðið utandyra samhliða aukinni áherslu á útikennslu og umhverfisfræðslu en þetta er orðið hluti af stefnu skólans og verkefnum hans tengd grænfánum.

Lagt er til að strax verði hafist handa við að taka frá fjármuni til hönnunar og endurbóta á skólalóðinni þ.m.t. endanlegs frágangs matjurtagarðs og útikennslustofu í skógarþyrpingu. Kynntar verði opinberlega þær tillögur sem fram hafa komið á undanförunum árum. Tryggt verði að kallað verði eftir nýjum tillögum og áherslum í umhverfi skólans miðað við ný verkefni og stefnu í skólalóðinni. Á þessu ári verði lögð fram framkvæmdaáætlun í samræmi við tillögur með það að markmiði að bæta ástandið á skólalóðinni sem nú er afar slæmt og hefur fengið felleinkunn í mörg undanfarnin ár af faggildum úttektaraðilum.

Með nýrri reglugerð um öryggi leikvallataekja og leiksvæða og eftirlit með þeim nr. 942 /2002 var sett fram sú krafa að rekstraraðilar skóla skiluðu tímasettri áætlun fyrir árslok 2004 um endurgerð leiksvæða við skólastofnanir þannig að þau uppfylltu ákvæði reglugerðarinnar. Þessu ákvæði laganna hefur ekki verið fullnægt.

Skólahúsnæði og aðstaða í Grunn- og Tónskólanum.

Samkvæmt 20. gr. grunnskólalaga frá 2008 ber sveitarfélögum að kosta viðhald skólahúsnæðis og endurnýjun og viðhald búnaðar þess. Þar er tekið fram að gera skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu við börn með sérþarfir og vinnuaðstöðu starfsfólks en þessi aðstaða í Grunnskólanum á Hólmanvík er þannig nú að forgangsraðað er í hvert rými án þess að tekist hafi að uppfylla kröfur grunnskólalaga eða finna Tónskólanum stað

Menntamálaráðherra setur reglugerð um húsnæði og búnað grunnskóla í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga þar sem nánar skal kveðið á um aðstöðu, búnað, slysavarnir og öryggismál í grunnskólahúsnæði og á skólalóðum og er það krafa okkar að farið sé eftir þeirri reglugerð og unnið sé markvisst og skipulega í því að bæta þá þætti sem ekki eru í lagi.